

FRÉTTABRÉF GARÐASELS FEBRÚAR 2018



Dagur leikskólans 6. febrúar – opið hús

Í tilefni af Degi leikskólans verður opið hús fyrir foreldra barnanna **þriðjudaginn 6. febrúar kl: 13.00 -15.30.** Við bjóðum foreldrum Garðaselsbarna að koma og hitta barn sitt í leik og starfi. Ef foreldrar geta ekki komið er um að gera að bjóða ömmum, öfum eða öðrum fjölskyldutengdum aðilum.

Mömmu og ömmukaffi

Föstudaginn 16. febrúar bjóðum við mömmum, ömmum og systur í morgunkaffi til okkar í tilefni konudagsins. Nýbökuð brauð og kaffiveitingar verða á borðum frá kl: 8.00-9.30. Við vonum að sem flestar yngismeyjar ; mömmur, ömmur og systur sjái sér fært að kíkja til okkar. Áfram stelpur ☺



Þjóðlegir dagar – bolludagur, sprengidagur og öskudagur



Í síðustu viku febrúar eru hinir þjóðlegu dagar ; bolludagur, sprengidagur og öskudagur. Á bolludaginn verður boðið upp á rjóma og búðingsbollur í kaffinu og fiskibollur í hádeginu. Á sprengidag verður síðan saltkjöt og baunir.



Á öskudaginn, **miðvikudaginn 14. febrúar** er búninga- eða náttfatadagur í leikskólanum .

Andlitsmálning verður í boði fyrir þá sem vilja og mega og sameiginleg skemmtun á Skála upp úr kl: 9.00. Marsering, dans og söngur ☺ !

Stærðfræði – þema febrúar

Í febrúar verður stærðfræði þemað í skólanum og hver deild / árgangur munu skipuleggja viðfangsefni og verkefni við hæfi barnanna. Leikskólinn á mikið af námsgögnum og verður örugglega skemmtileg og fræðandi vinnan með stærðfræðina.



Stærðfræði í daglegu lífi með foreldrum getur falist í

- að telja allt mögulegt í umhverfinu (bíla, ljósastaura, hunda, fugla, hjól....)
- að taka eftir og nefna formin í umhverfinu (hringur, þríhyrningur, ferhyrningur)
- að byggja úr kubbum
- að vinna með hugtök (stór / lítill, stór- stærri, minni – minnstur.....)
- að ræða tímann og skoða klukku um leið (tölur, hugtök tengd tíma)



Tannvernd

Lýðheilsustöð hefur um árabíl staðið fyrir tannverndarviku í byrjun febrúar og leikskólinn hefur þar til fyrir nokkrum árum fylgt þeirri tímasetningu. Í endurmati kom fram að oft væri erfitt að koma tannvernd fyrir á þorra og öllum þeim þjóðlegu dögum sem við gerum okkur dagamun á (bolludagur og öskudagur). Því var tekin ákvörðun um að í Garðaseli væri **tannverndarvika í september** í tengslum við alþjóðlega tannverndardaginn 12. september.

Fræðsluefni Lýðheilsustöðvar er aðgengilegt allt árið og því skiptir tímasetning tannverndarfræðslu ekki öllu máli, frekar að henni sé ætlaður tími í leikskólastarfinu. Hér er krækjan inn á fræðslusíðu Lýðheilsustöðvar <http://www.lydheilsustod.is/greinar/tannvernd/>

Þá eru foreldrar hvattir til að kynna sér [gjaldfrjálsar tannlækningar barna](#).

Sumarið 2018

Skóla- og frístundaráð hefur tekið ákvörðun um 4 vikna sumarlokun 2018 og mun hver leikskóli gera könnun meðal foreldra um hentugasta tímabilið. Þar mun einfaldur meirihluti ráða tímasetningu lokunar. Rafræn könnun verður send foreldrum í febrúar og niðurstöður birtar fljótlega upp úr mánaðamótum febrúar –mars.

Samkvæmt núgildandi verklagsreglum er enn gert ráð fyrir að 5. vikan sé gjaldfrjáls fari börnin í svo langt frí. Ef börn eru í lengra en 4. -5. vikna fríi tengdu tímabili sumarlokunar eru fæðiseingingar felldar niður þann tíma.



Morgunmatur –tímasetning

Af gefnu tilefni er minnt á að **morgunmatur er frá kl: 8.00 -8.45** og eftir þann tíma eru vagnar komnir inn í eldhús til frágangs. Þá er byrjað að klæða fyrstu hópana fyrir útivist og formlegt skipulag dagsins hefst. Börn, sem koma **eftir þennan tíma**, þurfa því að vera búin að borða.

Gott væri ef foreldrar létu deildir vita ef barnið er búið að borða þegar það kemur og þurfi þá ekki að fara í morgunmat.

Kærar þakkir til foreldra

Föstudaginn 26. janúar þurfti skólinn að leita aðstoðar foreldra vegna fjarvista starfsmanna (veikindi) sem voru óvenju miklar þennan dag en sex starfsmenn voru fjarverandi. Foreldrar voru beðnir, ef þeir áttu gott með, að sækja börn sín upp úr kl: 15.00 þennan dag til að aðstoða við að leysa mönnun seinnipartinn. Ekki stóð á viðbrögðum foreldra og er alltaf ljúft að finna þá samstöðu og samvinnu sem ríkir á milli skólans og foreldra.

Það er ómetanlegt að hafa slíkan foreldrahóp eins og er hér í Garðaseli og stuðningur ykkar leysti daginn með okkur. Kærar þakkir, þið eruð einstök 😊

